Alþingi
Erindi nr. Þ 140/2280
komudagur 7. 5. 2012

# Athugasemd við Rammaáætlun - Guðrún A. Tryggvadóttir

Gunna Tryggva [gunna@nature.is]

**Sent:** 7. maí 2012 22:58

**Viðtakandi:** Nefndasvið umsagnir

---

Ég undirrituð, Guðrún Arndís Tryggvadótti kt. 040858 4589, geri hér með alvarlegar athugasemdir við frekari nýtingu jarðvarma á Reykjanesi og vil að frekari virkjanir verði teknar úr nýtingarflokki í Rammaátælun og Reykjanesfólkvangur settur í verndarflokki enda ekki aðeins um þjóðargersemi að ræða heldur náttúruperlu á heimsmælikvarða og orkuforða fyrir komandi kynslóðir.

Ég er þeirrar skoðunar að Reykjanesið allt að Þingvallavatni og að Hveragerði í austri ætti að vera friðlýst sem eldfjallagarður og verndað í samræmi við það.
Ennfremur tel ég að hlusta skuli á jarðfræðinga á borð við Sigmund Einarsson sem hefur síendurtekið varað við ofnýtingu svæðisins en nú þegar
telur hann svæðið vera ofnýtt með hliðsjón að því að orkugeymir svæðisins eigi að geta endurnýjað sig fyrir næstu kynslóðir.

Við erum að fara inn á hættuiegar brautir ef við ofnýtum viðkvæm svæði með orkunýtingartækni sem getur aðeins nýtt um 20% af orkunni.
Ég tel að við ættum að bíða með að virkja meira á Reykjanesinu þar til aðferðir verða fundnar sem fara betur með orkuna.

Jafnframt er ég þeirrar skoðunar að Eldvörp eigi að fara í verndarflokk og að þær virkjanir sem fyrirhugaðar eru í neðri hluta Þjórsár fari í biðflokk eins og reyndar er lagt til af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Ég óska ykkur öllum gæfu til að agreiða Rammaáætlun með hagsmuni komandi kynslóða að leiðarljósi og vísa í óteljandi greinar um efnið á
vef mínum Náttúran.is.

Með bestu kveðjum, Guðrún A. Tryggvadóttir framkvæmdastjóri Náttúran.is

**Náttúran.is** - vefur með umhverfisvitund
http://www.natturan.is
Náttúran er ehf.
Sími: 483 1500
Fax: 483 1516
Stofnandi og framkvæmdastjóri: Guðrún Arndís Tryggvadóttir
Sjá ferilskrá: http://www.natturan.is/greinar/1132/
gunna@nature.is
Gsm: 863 5490
Höfuðstöðvar: Breiðahvammi
816 Ölfus

Þessi tölvupóstur og viðhengi gæti innihaldið trúnaðarupplýsingar og/eða einkamál og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Ef sending þessi hefur ranglega borist yður vinsamlega gætið fyllsta trúnaðar, tilkynnið sendanda og eyðileggið sendinguna eins og skylt er skv. 44. gr. laga nr. 107/1999 um fjarskipti.

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst.